

Umhverfisstofnun
Áb. <i>BS</i>
26 JAN. 2005
<i>59.55</i>
Tilv. <i>UST20030400013</i>

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, 101 Reykjavík

Umhverfisráðgjafi og  
Umhverfisráðgjafi

14501 Reykjavík  
Sími 400 1000

Fax 400 1000

Umhverfisstofnun

www.umhverfisstofnun.is

25. janúar 2005  
Tilvísun: UST20030400013/bs

### Sjóvarnir við Flankastaði og Þóroddsstaði í Sandgerðisbæ.

Með bréfi dags. 27. mars 2003 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreindar sjóvarnir. Með bréfi dags. 10. apríl 2003 óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um hvernig framkvæmdaaðili hyggst standa að verki við Flankastaðatjörn, en fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan svæðis nr. 108 á náttúruminjaskrá, Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi.

Með bréfi dags. 12. janúar 2005 gerir Siglingastofnun grein fyrir hvernig staðið verði að framkvæmdum við Flankastaðatjörn. Flutningsleið fyrir grjót og tæki verður með núverandi sjóvörn neðan við Efri-Flankastaði. Sjávarkambur verður grjótvarinn að utanverðu og hækkaður. Framkvæmdin mun einungis hafa áhrif á efsta hluta fjörunnar. Legu sjávarkambsins verður ekki breytt og því ekki farið nær tjörninni en núverandi kambur. Grjót verður tekið úr opinni námu í Helguvík.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð sjóvörn við Flankastaði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson

*Helgi Jónsson*  
Helgi Jónsson